

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

Reykjavík 11. maí 2015

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði, 336.mál**

Mjólkuriðnaðurinn á Íslandi er öflugur með mikið vöruúrval fyrir íslenska neytendur; hann er í stöðugri þróun og stendur nú frammi fyrir fjölbreyttum tækifærum sem geta styrkt hann enn frekar. Til að svo verði þarf mjólkuriðnaðurinn að hafa aðgang að menntuðu fólki með sérþekkingu. Eru mjólkurfræðingar þar á meðal.

Um tíma voru þreifingar hér heima um að koma á mjólkurfræðinámi. Á 9. áratug síðustu aldar kannaði Verkmenntaskólinn á Akureyri hvort raunhæft væri að bjóða upp á slíkt nám. Ekki var einhugur um málið og féll það niður.

Mjólkurfræðingar á Íslandi hafa í meginráttum aflað sér menntunarinnar, sem er iðnmenntun á framhaldsskólastigi, í Kold College í Óðinsvéum, Danmörku.

Óvissa er nú með aðgengi íslenskra nema að námi í mjólkurfræði, m .a. vegna skólagjalda og vinnustaðanámshluta námsins. Hefur það orðið til þess að sárafaír hafa sótt sér þessa menntun á umliðnum árum. Umrædd þingsályktunartillaga dregur þessa óvissu fram sem er bagaleg fyrir íslensk ungmenni er hyggja á nám í mjólkurfræðum og íslenska mjólkurframleiðendur.

Samtök atvinnulífsins taka undir að eyða þurfi þeirri óvissu sem íslenskir nemendur, sem vilja stunda nám í mjólkurfræði, standa frammi fyrir. Tryggja þarf áfram að íslenskur mjólkuriðnaður hafi yfir að ráða framúrskarandi fagfólki á sviði mjólkurfræði. Mikilvægt er því að skoða allar leiðir til að auðvelda þessum hópi að sækja nám í mjólkurfræði, kanna leiðir við framkvæmd skólagjalda og meta í samvinnu við greinina og starfsmenntaskóla hvort rétt sé að bjóða upp á slíkt nám á Íslandi. Til að svo megi vera þarf námið að vera raunhæft og aðgengilegt. Þær leiðir sem styðja það er vert að veita brautargengi.

Virðingarfyllst,  
f.h.Samtaka atvinnulífsins,



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir